

*ACF III slhf.
Ársreikningur 2023*

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarhættir	19
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	20
Upplýsingagjöf um sjálfbærni	21

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

ACF III slhf. er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvikú eignastýringar hf. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2023 að fjárhæð 514,0 m.kr. Ekki er lagt til að greiddur sé arður. Eigið fé félagsins nam 4.994,0 m.kr. í árslok 2023. Þá var mikil aukning á vaxtatekjum og verðbótum ásamt heildareignum og skuldum en það má rekja til mikillar aukningar í útlánunum og mun meiri verðbólgu og hærri vaxta á árinu samanborið við síðasta ár. Aukin útlán voru fjármögnuð með útgáfu skuldabréfa til fjárfesta í samræmi við samþykktir félagsins.

Félagið ACF III GP ehf. ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Hlutfé félagsins nam 3.903 m.kr. þann 31. desember 2023. Hluthafar voru 24 í upphafi árs eins og eins í lok tímabilsins. Tíu stærstu hluthafar félagsins eru sem hér segir:

Hluthafi	Eignarhlutur
Gildi lífeyrissjóður	15,4%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	15,4%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	15,4%
Birta lífeyrissjóður, samtryggingadeild	12,8%
Stapi lífeyrissjóður	6,4%
Almenni lífeyrissjóðurinn	5,1%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	5,1%
Lífsverk lífeyrissjóður	2,6%
Lífsverk lífeyrissjóður, séreign	1,8%
Festa lífeyrissjóður	4,1%
Aðrir hluthafar, 14 talsins	16,0%
Samtals	100%

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Kvikú eignastýringar hf.

Horfur í starfsumhverfi

Eignamarkaðir tóku við sér á árinu 2023 eftir erfitt ár fjárfesta árið á undan. Í árslok mælist verðbólga ennþá há eða 6,7% en virðist þó vera á niðurléið. Seðlabanki Íslands hélt áfram að hækka stýrivextir sína á árinu en í árslok stóðu þeir í 9,25%. Horfur eru ágætari í innlendu efnahagslífi og má búast við að lækkunarferli stýrivaxta hefjist um mitt ár 2024. Þetta er þó háð því að skrifað verði undir hagstæða kjarasamninga og að jákvæða þróun verði er varðar jarðhræringar á Reykjanesskaga. Ef stöðugleiki næst og væntingar um vaxtalækkanir standast má búast við að eignamarkaðir taki vel við sér og að sú þróun muni hafa jákvæð áhrif á innlendan hlutabréfamarkað.

Ávallt er gætt að því að hafa hagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum félagsins og er ekki búist við að þess þurfi. Hver sem þróunin verður þá mun félagið leitast við að hámarka virði fjárfestinga sinna ásamt því að horfa til samfélagslegra þátta við úrlausn mála gagnvart mótaðilum sínum.

Þessar aðstæður í efnahagslífinu hafa haft óveruleg áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Um áramót eru vanskil í félaginu óveruleg. Hægst hefur á uppgreiðslum á veðskuldabréfum félagsins vegna stöðu á vaxtamarkaði.

Félagið hefur sterkar tryggingar á bak við allar sínar fjárfestingar. Félagið hefur metið vænt útlánatap fjárfestinga en telur í ljósi góðrar tryggingastöðu og ágætis horfa, ekki þörf á niðurfærslu lána. Félagið hefur sterka stöðu lausafjár og gott sjóðstreymi af afborgunum og getur mætt umtalsverðum þörfum um t.a.m. greiðslufresti án þess að það hafi áhrif á getu félagsins til þess að standa við sínar skuldbindingar næstu 12 mánuði. Áhætta er til staðar í rekstri félagsins. Megináhættan er fólgin í greiðslugetu og greiðsluvilja mótaðila sem og virði undirliggjandi veða. Eins er áhætta fólgin í því að ekki sé nægt laust fé til staðar til þess að greiða af skuldbindingum en það tengist beint áhættu er varðar greiðslugetu mótaðila sem og virði undirliggjandi eigna. Nánar er m.a. fjallað um helstu áhættur í rekstri félagsins í skýringum 19-27.

Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn ACF III slhf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins tóku gildi í júlí 2021. Félagið er með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef Kauphallarinnar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í köflunum Stjórnarháttayfirlýsing og Ófjárhagsleg upplýsingagjöf sem eru fylgiskjöl með ársreikningnum.

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, voru ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (hér eftir "flokkunarreglugerðin") innleidd í íslenskan rétt. Flokkunarreglugerðin leggur grunn að samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum og viðmiðum á því hvað teljist vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi. Sjóðurinn birtir að sinni ekki sértækar upplýsingar sbr. 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Kvika eignastýring sem rekstraraðili sjóðsins birtir hins vegar upplýsingar með ársreikning fyrir fjárhagsárið 2023. Frekari upplýsingar um hvers vegna sjóðurinn birtir ekki framangreindar sértækar upplýsingar er að finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla um árshlutareikninga (ISA 34), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstaraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2023 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé og breytingu á eigin fé á jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2024.

Stjórn

Þórður Jónsson, stjórnarformaður

Guðrún Björg Birgisdóttir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Framkvæmdastjóri

Jónas Reynir Gunnarsson

Ársreikningur ACF III slhf. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa ACF III slhf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ACF III slhf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til stjórnar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð ACF III slhf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt ACF III slhf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<p>Mat útlána</p> <p>Útlán til viðskiptavina félagsins námu tæpar 21.166,6 milljónum í árslok. Ekkert er bókfært vegna vænts útlánataps í félaginu í árslok.</p> <p>Ákvörðun um mat á virðisýrnum útlána er háð mati stjórnenda. Vegna mikilvægis matsins, umfangs þess og áhrifa á ársreikninginn teljum við mat á virðisýrnum útlána vera megináherslu við endurskoðun okkar.</p> <p>Mikilvægustu forsendur eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> Greina tímanlega fyrirgreiðslur með verulega aukningu í útlánaáhættu og virðisýrðar fyrirgreiðslur. Mat á tryggingum og forsendur sem notaðar eru við mat á væntu útlánatapi til að meta líkur á vanskilum og framtíðar sjóðstreymi útlána. <p>Greint er frá útlánnum í skýringum nr. 12 og 24, skýrt er frá reikningsskilaaðferðum í tengslum við vænt útlánatap í skýringu nr. 6.</p>	<p>Við höfum lagt mat á virðisýrnum útlána, metið aðferðafræðina sem beitt er ásamt því að leggja mat á þær forsendur sem tilgreindar eru í lýsingu á megináherslunni, byggt á áhættumati okkar og þekkingu á félaginu.</p> <p>Við endurskoðun okkar lögðum við mat á hvort aðferðafræði félagsins sé í samræmi við IFRS 9.</p> <p>Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> Yfirferð á eftirliti við veitingu útlána Gagnaendurskoðun á virði trygginga. Við höfum farið yfir hvort skýringar vegna útlána séu í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, yfirlýsingu um stjórnarhætti, ófjárhagsleg upplýsingagjöf og upplýsingagjöf um sjálfbærni.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi ACF III slhf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óháði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óháði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óháði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu aðra heimilaða þjónustu svo sem staðfesting á innborgun hlutafjár. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óháði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við stjórn að við erum óháð ACF III slhf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi ACF III slhf. á aðalfundi félagsins þann 23. mars 2023.

Deloitte var kjörið endurskoðandi ACF III slhf. vð stofnun félagsins á árinu 2020.

Kópavogur, 19. mars 2023

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Ársreikningur ACF III slhf. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýringar	2023	2022
Vaxtatekjur og verðbætur	3g.	2.339.965	1.736.573
Vaxtagjöld og verðbætur	3g.	(1.763.902)	(1.258.443)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		65.037	10.334
Hreinar fjármunatekjur		641.099	488.464
Umsýslupóknun	3h.	(104.609)	(97.575)
Rekstrarkostnaður		(22.447)	(11.485)
Rekstrargjöld alls		(127.056)	(109.060)
Hagnaður og heildarafkoma ársins		514.043	379.405
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	10	0,13	0,09

Skýringar á bls. 9 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022*
Langtímakröfur	12	19.476.936	16.924.900
Verðbréf með breytilegum tekjum	13	755.370	460.334
Fastafjármunir samtals		20.232.306	17.385.233
Næsta árs afborgun langtímakrafna	12	1.689.653	568.146
Handbært fé		544.930	112.011
Veltufjármunir samtals		2.234.584	680.156
Eignir samtals		22.466.890	18.065.390
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		3.903.000	3.903.000
Lögbundinn varasjóður		113.303	61.899
Óráðstafað eigið fé		977.738	515.099
Eigið fé samtals	14	4.994.041	4.479.998
Skuldabréfaútgáfa	15	16.845.161	13.078.500
Langtímalán samtals		16.845.161	13.078.500
Næsta árs afborgun af langtímalánum	15	395.398	292.310
Áfallnir vextir		224.696	188.402
Aðrar skammtímaskuldir		7.593	26.180
Skammtímaskuldir samtals		627.687	506.892
Skuldir samtals		17.472.848	13.585.392
Eigið fé og skuldir samtals		22.466.890	18.065.390

Skýringar á bls. 9 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið uppfærðar, vísað er til skýringar 3 varðandi frekari upplýsingar.

Eiginfjáryfirlit 31. desember 2023

1. janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		3.903.000	61.899	515.099	4.479.998
Hagnaður og heildarafkoma				514.043	514.043
Framlag í lögbundinn varasjóð			51.404	(51.404)	0
Eigið fé 31. desember 2023	14	3.903.000	113.303	977.738	4.994.041

1. janúar 2022 til 31. desember 2022	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Innborgað hlutfé		3.903.000	23.958	173.635	4.100.593
Hagnaður og heildarafkoma				379.405	379.405
Framlag í lögbundinn varasjóð			37.940	(37.940)	0
Eigið fé 31. desember 2022	14	3.903.000	61.899	515.099	4.479.998

Skýringar á bls. 9 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 31. desember 2023

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2023	2022
Hagnaður og heildarafkoma ársins		514.043	379.405
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar fjármunatekjur	3g.	(641.099)	(488.464)
		(127.056)	(109.060)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(18.587)	24.804
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(18.587)	24.804
Fengnir vextir og verðbætur		932.305	533.931
Greiddir vextir og verðbætur		(539.847)	(278.140)
Handbært fé frá rekstri		246.815	171.535
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf, (kaup)		(230.000)	(450.000)
Langtímakröfur, lánveitingar		(3.350.595)	(8.042.279)
Langtímakröfur, afborganir og uppgreiðslur		1.084.712	542.798
Fjárfestingahreyfingar		(2.495.883)	(7.949.481)
Fjármögnunarhreyfingar			
Útgáfa skuldabréfs		2.966.778	7.052.117
Afborgun skuldabréfaútgáfu		(284.790)	(159.363)
Fjármögnunarhreyfingar		2.681.988	6.892.754
Handbært fé í upphafi árs		112.011	997.202
Breyting handbærs fjár		432.920	(885.191)
Handbært fé í árslok		544.930	112.011

Skýringar á bls. 9 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

ACF III slhf., hér eftir nefnt félagið er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvik eignastýringar hf., félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagningum, eignarhald og rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

2. Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og ber endanlegur eigandi ábyrgð á skattgreiðslum félagsins.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um ársreikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur, eftir því sem við á, í lögum um ársreikninga og lögum um rekstrarfélög sérhæfðra sjóða.

Breyting hefur verið gerð á framsetningu efnahagsreiknings þar sem að áfallnir vextir langtímakrafna sem áður voru flokkaðir meðal annarra skammtímakrafna eru nú undir næsta árs afborgun langtímakrafna. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 19. mars 2024.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf með breytilegum tekjum eru metin á gangvirði.

c. Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið hvort félagið hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er árshlutareikningurinn gerður miðað við þá forsendu að félagið sé rekstrarhæft.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

f. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

g. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfalána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagningans til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

h. Umsýsluþóknun

Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrir) greiðir félagið fasta árlega umsýsluþóknun til Kvik eignastýringar hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingarloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum að teknu tilliti til niðurfærslu.

j. Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaðnum í lok ársins.

k. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

l. Langtímaskuldir

Skuldabréfalán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir

a. Skráning
Upphafleg skráning hjá félaginu á útlánum og kröfum, innlánunum og útgefnum skuldagerningum er á þeim degi þegar til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

b. Flokkun

Fjáreignir

Fjáreignir félagsins eru flokkaðar í annan af tveimur flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum sjóðstreymis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Öll skuldabréf og lán félagsins eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánunum eru færðir sem vaxtatekjur.

Afskriftarreikningur fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknuð út með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna afskriftarreiknings.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL) eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samanstanda af verðbréfum með breytilegum tekjum.

Mat á viðskiptalíkani

Félagið metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttáð. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímallengd fjáreignanna og tímallengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvort eignum sé stjórnað með það að markmiði að hagnast á verðbreytingum eða innheimta samningsbundið sjóðstreymi
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum söllum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði félagsins varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig sjóðstreymi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gagnvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og til sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Lánunum félagsins er haldið innan viðskiptalíkans sem felur í sér innheimtu á samningsbundnu sjóðstreymi af höfuðstól og vöxtum. Fjáreignir félagsins eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstendur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreignar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útstandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallar útlánaáhættu (væntu tapi, lausafjánhættu og umsýslukostnaði), auk hagnaðarhlutfalls.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmálar fela í sér sjóðstreymi sem felur í sér annað greiðsluflæði en innheimtu samningsbundinna vaxta og endurgreiðslu höfuðstóls á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin flokkuð og metin á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema ef félagið breytir viðskiptalíkani sínu.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir frh.

Fjárskuldir

Félagið flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar félagið flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða félagið heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur félagsins eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

5. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

6. Virðisrýrnun

Vænt útlánatap

Félagið notar þriggja þrepa líkan við mat á væntum útlánatöpum. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáhættu jafngildir afskriftin væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáhættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskriftin jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Við mat á afskriftarreikningi vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þá gerir IFRS 9 ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánaáhættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að flokka eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildarútlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhætta hafi aukist marktækt.

Skýringar frh.

6. Virðisrýrnun, frh.

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum.

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af félaginu ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga;
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldprotabeiðni, eru í greiðslustöðvun, í nauðasamningsumleitunum, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar félagsins. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga;
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning;
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring félagsins getur endurskilgreint flokkun ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskila er þekkt af félaginu og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða;
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

7. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar (taps), sem ráðstafað er til hluthafa, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (tap) á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

8. Starfsþáttayfirlit

Félagið lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og birtir því ekki starfsþáttayfirlit. Eini starfsþáttur fyrirtækisins er aðkoma félagsins að fjármögnun fyrirtækja sem eru vítt og breitt um landið.

9. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir árið 2023 eða fyrr og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir lok desember 2023, en heimilt er að taka upp fyrr. Það er mat félagsins að áhrif staðla sem tóku í gildi á árinu, nýrra staðla sem og staðla sem hafa verið samþykktir en ekki tekið gildi muni ekki hafa áhrif á framsetningu ársreikningsins.

Skýringar frh.

Rekstrarreikningur

10. Þóknun endurskoðanda

	2023	2022
Þóknun endurskoðanda félagsins greinist þannig, fjárhæðir eru með virðisaukaskatti:		
Endurskoðun ársreiknings	1.491	1.565
Könnun árshlutareiknings	361	331
Þóknun endurskoðanda samtals	1.852	1.896

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut reiknast sem hér segir:	2023	2022
Hagnaður tímabilsins	514.043	379.405
Hlutfé í ársbyrjun	3.903.000	3.903.000
Vegið meðaltal fjölda hluta á árinu	3.903.000	3.903.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður (tap) á hlut, í krónum	0,13	0,10

Efnahagur

12. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign, lánasamningum og afborgunum næstu ára og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2023	2022
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 2,90%-6,96%	18.263.696	15.055.077
Langtímakröfur, óverðtryggðar, vextir 8,69%-14,53%	2.902.893	2.437.969
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	21.166.589	17.493.046
Næsta árs afborgun	(1.689.653)	(568.146)
Langtímakröfur samtals	19.476.936	16.924.900
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun ársins 2024 / 2023	1.689.653	568.146
Afborgun ársins 2025 / 2024	2.626.962	849.123
Afborgun ársins 2026 / 2025	910.083	2.327.626
Afborgun ársins 2027 / 2026	1.335.797	862.293
Afborgun ársins 2028 / 2027	450.703	1.316.806
Afborganir síðar	14.153.391	11.569.053
Langtímakröfur samtals	21.166.589	17.493.046

Um 87% langtímakrafna félagsins bera fasta vexti og 13% langtímakrafna eru með breytilega vexti. Í flestum tilvikum er um uppgreiðslugjald að ræða ef greitt er umfram samningsbundnar afborganir.

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt ACF III slhf. veð í meðal annars fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum.

13. Verðbréf með breytilegum tekjum

	2023	2022
Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:		
Kvika - Lausafjárslóður	755.370	460.334
Samtals	755.370	460.334

14. Eigið fé

	2023	2022
a. Hlutfé		
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	3.903.000	3.903.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

b. Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélag skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.

Skýringar frh.

- c. Óráðstafað eigið fé
Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

d. Eiginfjárlutfall	2023	2022
Eigið fé	4.994.041	4.479.998
Eiginfjárlutfall	22,2%	24,8%

15. Skuldabréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréf í kerfum Nasdaq OMX verðbréfamiðstöðvar. Flokkurinn hefur auðkennið ACFIII 21 1, er verðtryggður til 10 ára og með greiðslur vaxta og afborgana miðað við 30 ára jafngreiðslur. Skuldabréfin bera 3,25% fasta vexti.

	2023	2022
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:		
Staða 1.1.	13.370.810	5.599.777
Ný lán	2.556.140	6.544.264
Greiddar afborganir	(332.007)	(170.687)
Verðbætur	1.645.617	1.397.456
Staða	17.240.559	13.370.810
Skuldabréfaútgáfan og næsta árs afborganir greinist þannig:		
Skuldabréf, verðtryggt ISK, fastir 3,25% vextir	17.240.559	13.370.810
Næsta árs afborgun	(395.398)	(292.310)
Skuldabréfaútgáfan samtals	16.845.161	13.078.500
Afborgun ársins 2024 / 2023	395.398	292.310
Afborgun ársins 2025 / 2024	408.842	303.779
Afborgun ársins 2026 / 2025	422.238	313.732
Afborgun ársins 2027 / 2026	436.072	324.011
Afborgun ársins 2028 / 2027	450.359	334.627
Afborganir síðar	15.127.651	11.802.352
Samtals	17.240.559	13.370.810

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Félaginu er heimilt að greiða hraðar upp skuldabréfalán félagsins frá árinu 2026 gegn 1,5% uppgreiðslugjaldi.

16. Skuldbindingar

Við undirritun ársreiknings hefur félagið samþykkt ný lán að fjárhæð 600 millj.kr. á árinu 2024. Lánin verða fjármögnuð með handbæru fé.

Skýringar frh.

17. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli ACF III slhf. og rekstrarfélags þess og félaga tengdum því uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda ársins 2023 og 2022.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu ársins 2023 og 2022.

Félagið stundar almenn bankaviðskipti hjá Kviku banka hf. sem er móðurfélag Kviku eignastýringar hf. Viðskiptakjör eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða. Ekki er um að ræða önnur viðskipti við tengda aðila.

	Tekjur 2023	Gjöld 2023	Eignir 2023	Skuldir 2023
Kvika banki hf.	18.891	0	544.930	0
Kvika eignastýring hf.	65.037	(115.032)	755.370	(7.124)
Samtals	83.928	(115.032)	1.300.301	(7.124)

	Tekjur 2022	Gjöld 2022	Eignir 2022	Skuldir 2022
Kvika banki hf.	864	0	112.011	0
Kvika eignastýring hf.	10.334	(104.062)	460.334	(25.843)
Samtals	11.198	(104.062)	572.344	(25.843)

18. Heildargreiðslur og hlunnindi

Félagið greiðir engin laun þar sem daglegur rekstur er í höndum Kviku eignastýringar hf. Sjá skýringu 16 í A-hluta árs hlutareiknings Kviku eignastýringar hf.

Skýringar frh.

Áhættustýring

19. Áhættustýring

- a. Markmið
Markmið með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættur, setja viðmið um áhættur og hafa eftirlit með þeim.
- b. Uppbygging
Stjórn ACF III slhf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.
- c. Tegundir áhættu
Starfsemi félagsins felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:
- Útlánaáhætta
 - Lausafjárahætta
 - Markaðsáhætta

20. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta skuldbindingum þeirra.

Útlánaáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 12,1% af langtímakröfum ársins er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum. Í lok tímabilsins er um að ræða meðal annars veð í fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum. Félagið hefur samkvæmt fjárfestingarstefnu heimild til að lána án veða að takmörkuðu leyti.

21. Veðhlutfall

- a. Almenn
Veðhlutfall (LTV) lýsir hámarks áhættuskuldbindingu útlánaáhættu sem hlutfall af heildarverðmati trygginga, ef þær eru til staðar. Almenn lánshæfi viðskiptavinar er álitinn áreiðanlegasti mælikvarði á gæði útlánsins. Verðmat á mótteknum veðum vegna lánveitinga er þar af leiðandi ekki uppfært nema ef að lánshæfismat lántakandans versnar.
- b. Sundurliðun
Sundurliðun á lánnum eftir veðhlutfalli er sem hér segir:

	2023	%
25-49%	1.323.094	6,2%
50-74%	17.513.159	82,4%
75-80%	2.404.969	11,3%
Samtals	21.241.222	100%

22. Hámarks útlánaáhætta

Hámarksáhætta vegna útlánataps vegna fjármálagerninga sem lúta virðisrýrnunarkröfum IFRS 9, bæði innan og utan efnahagsreiknings, áður en tekið er tillit til trygginga eða annarra liða sem milda útlánaáhættuna, skiptist sem hér segir:

	2023	2022
Langtímakröfur	19.476.936	16.924.900
Næsta árs afborgun langtímakrafna	1.689.653	568.146
Handbært fé	544.930	112.011
Samtals	21.711.520	17.605.056

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í lok desember 2023 þar sem ekki er metin tapsáhætta vegna þeirra. Hver og eitt lán er metið á reikningsskiladegi með tilliti til niðurfærslu, að mati stjórnenda hafa ekki komið fram vísbendingar um virðisrýrnun á reikningsskiladegi.

Skýringar frh.

23. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér að neðan sýna fjáreignir sem lúta niðurfærslukröfum IFRS 9. Fyrir lán með lánsþæfiseinkunn á 1. stigi eru litlar líkur á vanskilum og vænt útlánstap vegna þeirra metið óverulegt og þar af leiðandi er engin niðurfærsla tekin á fjáreignum.

Útlánagæði fjáreigna skipt eftir stigum sundurliðast sem hér segir:

2023	Gangvirði í gegnum rekstur				Samtals
Útlán:	Prep 1	Prep 2	Prep 3		
Lánsþæfiseinkunn, 1.stig	19.971.889	1.194.700			21.166.589
Vænt útlánatap					0
Bókfært virði	19.971.889	1.194.700	0	0	21.166.589

2022	Gangvirði í gegnum rekstur				Samtals
Útlán:	Prep 1	Prep 2	Prep 3		
Lánsþæfiseinkunn, 1.stig	17.168.290	324.755			17.493.046
Vænt útlánatap					0
Bókfært virði	17.168.290	324.755	0	0	17.493.046

24. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í lok desember 2023 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

25. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

2023	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	544.930				544.930	544.930
Skuldabréf	1.480.214	2.246.576	6.609.101	15.489.768	25.825.659	21.166.589
Samtals	2.025.144	2.246.576	6.609.101	15.489.768	26.370.589	21.711.520
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	706.120	934.565	1.869.131	17.614.885	21.124.700	17.240.559
Áfallnir vextir	224.696				224.696	224.696
Aðrar skammtímaskuldir	7.593				7.593	7.593
Samtals	938.409	934.565	1.869.131	17.614.885	21.356.990	17.472.848
Hreint sjóðstreymi	1.086.735	1.312.011	4.739.970	(2.125.117)	5.013.600	4.238.671

2022	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	112.011				112.011	112.011
Skuldabréf	1.252.283	1.545.314	6.196.229	13.428.806	22.422.632	17.493.046
Samtals	1.364.293	1.545.314	6.196.229	13.428.806	22.534.642	17.605.056
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	538.271	731.263	2.193.789	14.089.136	17.552.460	13.370.810
Áfallnir vextir	188.402				188.402	188.402
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26.180				26.180	26.180
Samtals	752.853	731.263	2.193.789	14.089.136	17.767.042	13.585.392
Hreint sjóðstreymi	611.440	814.051	4.002.440	(660.331)	4.767.600	4.019.664

Skýringar frh.

26. Markaðsáætta

Markaðsáætta er hættan á því að breytingar verða á vöxtum sem hafa áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáætta félagsins samanstendur af vaxtaáættu. Félagið mætir markaðsáættu með því að tryggja jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda. Megnið af lánum er á föstum vöxtum og því takmarkar það markaðsáættu vegna vaxta þangað til kemur að endurfjármögnun. Bókfært verð lána er talið það sama og marksverð þeirra.

27. Flokkun fjármálagerna

Flokkun fjármálagerna er sem hér segir:

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
2023			
Fjáreignir			
Langtímakröfur	19.476.936		19.476.936
Næsta árs afborgun langtímakrafna	1.689.653		1.689.653
Verðbréf með breytilegum tekjum		755.370	755.370
Handbært fé	544.930		544.930
Samtals	21.711.520	755.370	22.466.890

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	16.845.161		16.845.161
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	395.398		395.398
Áfallnir vextir	224.696		224.696
Aðrar skammtímaskuldir	7.593		7.593
Samtals	17.472.848	0	17.472.848

Flokkun fjármálagerna er sem hér segir:

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
2022			
Fjáreignir			
Langtímakröfur	16.924.900		16.924.900
Næsta árs afborgun langtímakrafna	568.146		568.146
Verðbréf með breytilegum tekjum		460.334	460.334
Handbært fé	112.011		112.011
Samtals	17.605.056	460.334	18.065.390

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	13.078.500		13.078.500
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	292.310		292.310
Áfallnir vextir	188.402		188.402
Aðrar skammtímaskuldir	26.180		26.180
Skuldir samtals	13.585.392	0	13.585.392

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðað

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti ACF III slhf. er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa frá árinu 2021, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti ACF III slhf. var samin. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://www.vi.is>.

ACF III slhf. er samlagshlutafélag og starfar skv. lögum nr. 2/1995 um hlutfélög. Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánstarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi. Helstu fjárfestingar félagsins tengjast fjármögnun á fyrirtækjum. ACF III slhf. er skráð sem sérhæfður sjóður og sér Kvika eignastýring hf. um daglegan rekstur hans samkvæmt samning þar um. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi ACF III slhf. eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um rekstraraðila sérhæfðra sjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá ACF III slhf. og hefur félagið enga starfsmenn. Þannig er framkvæmdarstjóri félagsins starfsmaður Kviku eignastýringar hf. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara en eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins. Stjórn félagsins framkvæmir ekki árangursmat. Ekki er til skrifleg starfslýsing stjórnarformanns utan það sem fram kemur í samþykktum.

Stjórn ACF III slhf. ber ábyrgð á að samþykka fjárfestingar og fylgjast með að framkvæmd þeirra sé í samræmi við samþykkt þar um og fjárfestingarstefnu. Rekstraraðili sér um að finna og greina fjárfestingartækifæri og leggja til fjárfestingar við stjórn félagsins. Þá þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir fjárfestingum.

Innra eftirliti er útvistað, sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011, með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Það á við um regluvörslu og innri endurskoðun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins.

Gildi félagsins hafa ekki verið skilgreind umfram það að félagið fjárfesti í samræmi við markmið og markaðsaðstæður hverju sinni.

Félagið hefur ráðgjafaráð um hagsmunaárekstra sem skal skipað þremur fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hlutverk ráðgjafaráðs er að veita rekstraraðila ráðgjöf við að meta hagsmunaárekstra sem mögulega kunna að koma upp við fjárfestingar félagsins gagnvart rekstraraðila ásamt öðrum þáttum sem rekstraraðili óskar eftir.

Ábyrgðaraðili ACF III slhf. gegnir jafnframt hlutverki stjórnar félagsins. Í stjórn ACF III GP ehf. sitja þrjú aðalmenn. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum og ritar fundargerð. Stjórn félagsins fundar mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin starfar samkvæmt áskriftarskilmálum félagsins, metur og eftir atvikum samþykkir fjárfestingar sem bornar eru upp af rekstraraðila félagsins.

Stjórn ACF III GP ehf. skipa:

Þórður Jónsson, stjórnarformaður

Þórður er fæddur 20. ágúst 1957. Hann var verkefnastjóri á Fyrirtækjasviði KPMG í hvers kyns rekstrarráðgjöf til fyrirtækja 2011-2013. Viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði Arion banka og forvera hans. Fyrirtækjasvið sér um lánamál til fyrirtækja 2003-2011. Áhættustýring Kaupþings hf., sá um og bar ábyrgð á hverju einu sem sneri að lánamálum; s.s. að fara með mál í gegnum samþykktarferla, samningsgerð o.fl. 2001-2003. Forstöðumaður Lánaeftirlits Íslandsbanka, með rúmlega 1 árs hléi sem starfsmaður F&M, Fyrirtækja og markaða, Íslandsbanka, 1991-2001. Starfsmaður Lánaeftirlits nýstofnaðs Íslandsbanka, sem til varð við sameiningu Útvegsbanka, Verslunarbanka, lónaðarbanka og Alþýðubanka, 1990-1991. Starfsmaður Hagdeildar Útvegsbanka Íslands og síðar Útvegsbankans hf. Leysti um tíma af forstöðumann Hagdeildarinnar, 1985-1990.

Guðrún Björg Birgisdóttir, meðstjórnandi

Guðrún er fædd 11. júní 1969. Hún er lögfræðingur og hefur rekið Logia lögmannsstofu frá árinu 2010. Hún er jafnframt með meistaragráðu LL.M í fjármögnun fyrirtækja. Árin 2000-2005 vann Guðrún hjá LOGOS lögmannsþjónustu við almenn málflytningastörf og lögfræðiráðgjöf á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins. Árin 2006-2009 var Guðrún aðallögfræðingur Marel hf. og stýrði allri samningagerð fyrirtækisins og hafði yfirumsjón með útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa félagsins frá 2006 til loka árs 2009. Á árinu 2009 fór Marel hf. í gegnum umfangsmikla endurfjármögnun bæði á Íslandi og í Holland og bar Guðrún ábyrgð á lögfræðilegum hluta þess.

Dr. Óli Grétar Blöndal Sveinsson, meðstjórnandi

Óli er fæddur 17. febrúar 1972. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri þróunarviðs Landsvirkjunar frá 2009. Óli Grétar hefur setið í stjórnum Sjávarorku ehf. frá árinu 2012, Íslenskrar Orku ehf. frá árinu 2012, Landsvirkjunar Power ehf. frá árinu 2011, Þeistareykja ehf. frá árinu 2010, Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar frá árinu 2007 og sat í stjórn Orkuvarða ehf. frá árinu 2007 til 2012. Óli Grétar hefur lokið PhD og MSc gráðu í byggingarverkfræði með áherslu á vatnaverkfræði frá Colorado State University og BSc í eðlisfræði frá Háskóla Íslands.

Allir stjórnarmenn félagsins eru óháðir stórum hluthöfum félagsins, félaginu sjálfu og daglegum stjórnendum.

Rekstraraðili er hluthafi í ACF III slhf.

Jónas Reynir Gunnarsson, framkvæmdastjóri. Jónas er fæddur 20. febrúar 1980. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbrefaviðskiptum. Jónas er forstöðumaður sjóðastýringar Kviku eignastýringar hf. Áður starfaði Jónas sem fjárfestingarstjóri í eignastýringu stofnanafjárfesta hjá Kviku eignastýringu, þar áður starfaði Jónas sem sjóðstjóri blandaðra sjóða hjá Kviku eignastýringu og framkvæmdastjóri Veðskuldabréfasjóðsins Veðskuldar slhf. Hann hefur starfað hjá Kviku samstæðunni frá árinu 2006. Jónas var framkvæmdastjóri eignastýringar Virðingar frá 2014-2017, forstöðumaður eignastýringar Virðingar á árunum 2011-2014 og þar áður sjóðstjóri hjá Virðingu frá 2006.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist ACF III slhf. frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Á aðalfundum er farið yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf - óendurskoðað

ACF III slhf. (ACFIII) er sérhæfður sjóður á samlagshlutafélagaformi og hefur það markmið að fjárfesta í fjármálagerningum tengdum fjármögnun fyrirtækja. Hjá félaginu er enginn eiginleg starfssemi heldur er félagið með rekstrarsamning við Kvikú eignastýringu hf. sem jafnframt skipar félaginu framkvæmdastjóra. Það er því engin starfsmaður hjá ACF III slhf. Þar sem starfsemi félagsins er mjög takmörkuð hefur það ekki sett sér sérstakar stefnur í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum heldur fylgir félagið sömu stefnu og rekstraraðili fer eftir, sjá nánar www.kvikaeignastyring.is. Varðandi málefni tengdum spillingu, mútum og mannréttindum að þá fylgir félagið jafnframt sömu reglum og rekstraraðili sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og hefur sett sér reglur varðandi m.a. hagsmunaárekstra og aðra þætt líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá reglur og upplýsingar um starfsemi Kvikú eignastýringar hf. á heimsíðu félagsins www.kvikaeignastyring.is.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni - óendurskoðað

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, voru ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (hér eftir "flokkunarreglugerðin") innleidd í íslenskan rétt. Flokkunarreglugerðin leggur grunn að samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum og viðmiðum um hvað teljist vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi.

Flokkunarreglugerðin krefst þess að fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði birti lykilmælikvarða sem samræmist starfsemi félaganna. Til að mynda skulu lánastofnanir birta hlutfall grænna eigna (e. GAR), sem er hlutfall af eignum lánastofnunar sem fjármagna og eru fjárfestar í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.e. er umhverfislega sjálfbær (e. taxonomy aligned), af heildarumfangi eigna, að undanskildum áhættuskuldbindingum vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda. Þá skulu eignastýringaraðilar birta hlutfall fjárfestinga í atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær af virði allra fjárfestinga sem þeir stýra. Þetta hlutfall byggist á lykilarangursmælikvörðum fyrirtækja sem fjárfest er í (bæði fyrir veltu og fjárfestingargjöld), sem þau birta samkvæmt flokkunarreglugerðinni í fyrsta skipti fyrir árið 2023 á Íslandi.

Upplýsingaskylda

Sjóðurinn birtir að þessu sinni ekki sértækar upplýsingar sbr. 8. gr. Flokkunarreglugerðarinnar.


Lög nr. 25/2023 ná til eininga tengdum almannahagsmunum, en sjóðurinn flokkast sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. a.lið 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 30/2006, þ.e. lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði.

Hins vegar ber að fylgja framseldri reglugerð ESB 2021/2178 (hér eftir „framselda reglugerðin“), sem setur fram viðbætur við flokkunarreglugerðina með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem félögum ber að birta, en hún gerir ráð fyrir því að fyrirtæki á fjármálamarkaði sé „fyrirtæki sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og er eignastýringaraðili, lánastofnun [...], verðbréfafyrirtæki [...], váttryggingafélag [...] eða endurtryggingafélag [...]“. Sjóðurinn uppfyllir því ekki framangreinda skilgreiningu þar sem sjóðurinn er íslenskt samlagshlutafélag sem er rekið sem sérhæfður sjóður á fjármálamarkaði í rekstri eignarstýringaraðila, Kvika eignastýringar hf. Kvika eignastýring sem rekstraraðili sjóðsins birtir hins vegar upplýsingar með ársreikning fyrir fjárhagsárið 2023, samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar í sniðmáti úr viðauka IV. og ásamt upplýsingum úr viðauka XI. sem nær til eignastýringaraðila samkvæmt framseldu reglugerðinni.

Takmarkanir á skýrslugjöf fyrir árið 2023

Flokkunarreglugerðin var innleidd í áföngum í Evrópu frá og með árinu 2022 til að tryggja aðgengi að gögnum. Flokkunarreglugerðin var innleidd með mismunandi hætti hér á landi en öll fyrirtæki, sem skylt er að birta samkvæmt flokkunarreglugerðinni, birta upplýsingar í fyrsta skipti á árinu 2024 en það hefur áhrif á þær upplýsingar sem Kvika eignastýring hefur aðgang að. Sniðmátið sem Kvika eignastýring birtir er því að miklu leyti án upplýsinga og ekki er hægt að reikna hlutfall fjárfestinga í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi í ár. Sniðmátið inniheldur þær upplýsingar sem eru ekki háðar upplýsingagjöf fyrirtækja sem fjárfest er í.

Vegna nýlegrar innleiðingar upplýsingaskyldunnar, skorts á innleiðingu ýmissa tengdra Evrópugerða í íslenskan rétt og skorts á upplýsingagjöf frá lögaðilum sem falla undir skilyrði flokkunarreglugerðarinnar ásamt ósamræmi varðandi gildissviðs laga nr. 25/2003 og innleiddra reglugerða og framseldra reglugerða eru upplýsingarnar því takmarkaðar á fyrsta ári skýrslugjafar.



Undirritunarsíða

Þórður Jónsson

Guðrún Björg Birgisdóttir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Guðmundur Ingólfsson

Jónas Reynir Gunnarsson